

Sp.

45. Tillaga til þingsályktunar

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té, miðað við framfærslukostnað og námskostnað í hverju landi. Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að skipuð verði nefnd þriggja manna til þess að vera gjaldeyrisyfirvöldum til ráðuneytis varðandi yfirfærslur til námsmanna, og sé einn tilnefndur af menntamálaráði, annar af háskólaráði og hinn þriðji af skólum þeim, er rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta. Skál nefndin fá til umsagnar allar umsóknir um slík gjaldeyrisleyfi. Í því sambandi skal hún afla sér upplýsinga um framfærslukostnað og námskostnað í þeim löndum, er íslenskir námsmenn sækja, athuga, í hvaða greinum sérstök ástæða er til þess að gera mönnum kleift að stunda nám erlendis, og fylgjast með því, að þeir, sem fá námskostnað yfirfærðan, noti féð raunverulega í því skyni. Nefndin skal vera ólaunuð.

Greinargerð.

Gjaldeyriserfiðleikar þeir, sem nú steðja að Íslendingum, hafa komið mjög óþægilega við íslenska námsmenn erlendis. Að því er mjög marga þeirra snertir, hefur orðið mikill misbrestur á, að þeir hafi fengið það fé yfirfært, sem þeim er nauðsynlegt til þess að geta lifað sómasamlegu lífi og greitt námskostnað sinn, og hafa þeir því orðið að stofna til skulda. Ekki ætti að þurfa að verða ágreiningur um það, að þeim gjaldeyri, sem íslenskir námsmenn nota erlendis til þess að afla sér gagnlegrar sérþekkingar, sé vel varið. Oss Íslendinga skortir enn sérmenntaða menn á fjölmörgum sviðum og í fjölmörgum greinum, sem íslenskar menntastofnanir geta ekki látið í té fræðslu í. Það er því beint hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að ekki verði dregið úr skilyrðum ungra manna til að sækja sér þekkingu til annarra landa. Ég álit, að nám manna erlendis í gagnlegum fræðum verði að teljast meðal þeirra nauðsynja þjóðarinnar, sem gjaldeyriskortur megi síðast bitna á.

Ekki vil ég draga í efa, að núverandi gjaldeyrisyfirvöld hafi fullan hug á að leysa vanda námsmanna erlendis, svo sem þau telja fært. En þau virðast hafa talið óhjákvæmilegt, að gjaldeyriskorturinn bitnaði allverulega á þeim eins og öðrum. Með tillögu þessari vil ég hins vegar leggja til, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að námsmenn þeir, er gagnleg fræði stunda erlendis, fái nægilegan gjaldeyri og nám erlendis sé þannig talið meðal þeirra þarfa, sem ekki megi skerða, fremur en t. d. innflutning nauðsynjavarnings. Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt er, að nám sé ekki haft að yfirskini til þess að fá yfirfærslu gjaldeyris.

Í tillögunni er lagt til, að gjaldeyrisyfirvöldum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum efnum verði skipuð nefnd manna, er teljast megi sérfróðir um þarfir námsmanna og nám erlendis. Ætti gjaldeyrisyfirvöldum að vera þökk á aðstoð slíkra manna til þess að geta hagað leyfisveitingum sínum skynsamlega, og námsmönnum ætti það að vera trygging fyrir því, að hlutur þeirra verði ekki fyrir borð borinn.

Á síðasta Alþingi var nokkuð rætt um gjaldeyrisþörf námsmanna erlendis, og taldi Alþingi þá, að gjaldeyrisyfirvöld hefðu á undanfórnum árum ekki borið hlut námsmanna fyrir borð, og því ekki ástæða til þess að skerast í málið. En síðan hefur gjaldeyriskortur og tregða á yfirfærslum aukizt svo, að full ástæða virðist til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að þeir menn, sem eru að vinna eða vilja vinna nýt störf fyrir þjóð sína með námi erlendis, eigi í erfiðleikum sökum yfirfærsluvandkvæða eða verði jafnvel að hætta námi af þeim sökum.